

UPPLÝSINGAR UM RÉTTINDI HLUTHAFA

Vegna aðalfundar Símans hf. þann 9. mars 2023

Eftirfarandi reglur gilda um þátttöku og atkvæðagreiðslu á aðalfundi:

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur: Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu (hluthafar@siminn.is) um það til stjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Tillögunni skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar eigi síðar en viku fyrir boðun aðalfundar. Kröfu má gera síðar en þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir aðalfundinn. Félagsstjórn skal a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn upplýsa hluthafa með öruggum hætti um kröfuna og eftir atvikum tillöguna, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins, til dæmis á vef félagsins. Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu en gera má um þau ályktanir til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þremur vikum fyrir aðalfund skulu liggja fyrir dagskrá, tillögur stjórnar, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda.

Réttur til setu á hluthafafundum: Rétt til þátttöku í hluthafafundum hafa allir hluthafar, endurskoðendur félagsins og framkvæmdastjóri. Hluthafa er heimilt að sækja fundi ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt en hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa orðið fyrir sína hönd. Einnig má hluthafi fela umboðsmanni að sækja fyrir sig fundi og skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð (hluthafar@siminn.is) og skal það dagsett. Rafrænu umboði skal fylgja upplýsingar til nægjanlegar sönnunar um að hið rafræna umboðið stafi frá hluthafa, svo sem mynd vegabréfs eða ökuskírteinis hluthafa eða fyrirsvarsmanns hluthafa. Umboðið gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboðseyðublað er að finna á vefsíðu félagsins, <https://www.siminn.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

Réttur til að taka til máls: Öllum hluthöfum er heimilt að taka til máls á hluthafafundi. Sá sem tekur til máls á hluthafafundi verður að hlíta ákvörðun fundarstjóra um röð málshefjenda og almennt verður hann að halda sig við þá liði sem eru á dagskrá fundarins. Hluthafa ber að virða tímatakmarkanir sem settar eru um ræðutíma og tímamörk um afgreiðslu máls. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.

Atkvæðavægi og atkvæðagreiðslur: Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern einnar krónu hlut sem þeir eiga í félaginu. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem félagið kann að eiga sjálft. Þá fylgir ekki atkvæðisréttur fyrir hlutabréf, sem dótturfélag kann að eiga í félaginu. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins eða landslögum. Hluthöfum er gefinn kostur á að greiða atkvæði í mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt. Skulu atkvæði send með sannanlegum hætti til skrifstofu félagsins merkt „Aðalfundur 2023“ eða með tölvupósti á netfangið hluthafar@siminn.is fyrir upphaf fundar. Hluthafar bera ábyrgð á því að atkvæði hafi borist til félagsins með framangreindum hætti fyrir upphaf fundar. Hluthafar geta óskað eftir að fá atkvæði send sér hafi skrifleg beiðni þar um borist skrifstofu félagsins fimm dögum fyrir hluthafafund. Hluthafar geta einnig vitjað atkvæðaseðla sinna á skrifstofu félagsins og greitt þar atkvæði.